

Ed.

32. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Lög nr. 66 11. júní 1938 skulu gilda til ársloka 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Vestmannaeyjar hafa undanfarin ár haft heimild til tekjuöflunar að nokkru leyti með sérstöku vörugjaldi. Ekki er annað fyrirsjáanlegt en að þessa tekjustofns verði þörf einnig á næstu árum, og þykir því rétt að leita samþykkis Alþingis um framlengingu þeirrar lagaheimildar, sem hér að lýtur.

Alþingi hefur að undanfögnu framlengt þessa heimild til stutts tíma í senn, þar til á síðasta reglulegu Alþingi, að frv. um það efni var fellt í Nd. með litlum atkvæðamun, án þess séð væri, að gildar ástæður lægju til þess. Eins og lögin eru úr garði gerð, snertir þetta mál ekki aðra landshluta en Vestmannaeyjar, og ætti því þessi heimild að verða auðsótt.

Nánar í framsögu.